

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Rúrí

Framlag listakonunnar Rúrí til menninga og lista skoðuð í listsögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Gunnhildur Böðvarsdóttir

151182-4889

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2009

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um listakonuna Rúrí. Hún fæddist árið 1951 í Reykjavík og lærði myndlist bæði hérlendis og í Hollandi. Rúrí er frumkvöðull á sviði gjörningalistar og innsetninga á Íslandi og verk hennar hafa vakið mikla athygli bæði hérlendis og erlendis. Rúrí vakti fyrst til eftirtektar árið 1974 þegar hún framdi gjörninginn *Gullinn bíll* en hann fólst í því að ráðast að gullhúðaðri bensbifreið með sleggju í þeim tilgangi að vekja fólk til umhugsunar um efnishyggjusamfélagið og lífsgæðakapplaupið. Árið 2003 var Rúrí fulltrúi Íslands á Fenejartvíæringnum og sýndi þar verk sitt *Archive-endangered waters* sem er gagnvirk fjöltækni-innsetning, óður til náttúrunnar og hugleiðing um gildi hennar í nútímanum. Náttúruvernd, tíminn og afstæði heimsins eru hugtök sem eru listamanninum hugleikin og ganga líkt og rauður þráður í gegnum verk hennar. Í þessari ritgerð er fjallað um inntak og boðskap verka Rúríar og þau skoðuð í listsögulegu samhengi. Auk þess er gerð tillaga að því hvernig fjalla má um heimspeki listar hennar, verk og feril í myndmenntakennslu á unglíngastigi grunnskóla.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	2
Myndayfirlit.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Æviágrip.....	7
2.1 Upphaf ferilsins.....	7
3. Náttúran í íslenskri myndlist.....	9
3.1 Sjöundi áratugurinn.....	9
3.1.1 SÚM.....	10
3.1.2 HUGMYNDALIST.....	10
3.1.3 GJÖRNINGAR.....	11
3.2 Áttundi áratugurinn.....	12
3.2.1 UMHVERFISLIST OG INNSETNINGAR.....	12
4. Einkenni í myndlist Rúríar.....	15
4.1 Pólítískar hugmyndir.....	15
4.1.1 ÓGNIR.....	15
4.1.2 TÍMINN.....	16
4.2 Vatn og fossar í verkum Rúríar.....	18
4.2.1 UNDAFARI FENEYJARTVÍÆRINGSINS.....	18
5. Feneyjartvíæringurinn.....	21
5.1 Archive-endangered waters 2003.....	21
6. Rúrí í myndmennt grunnskóla.....	25
7. Lokaorð.....	28
8. Heimildaskrá.....	30

Myndayfirlit

Mynd 1. <i>Regnbogi</i>	13
Mynd 2. <i>Tileinkun</i>	14
Mynd 3. <i>PARADÍS?Hvenær?</i>	17
Mynd 4. <i>Fyssa</i>	18
Mynd 5. <i>Tímans rás</i>	19
Mynd 6. <i>Tileinkun til Sigríðar í Brattholti</i>	20
Mynd 7. <i>Archive-endangered waters</i>	22

1. Inngangur

Ísland er afar sérstakt land þar sem vatn, ís og eldar ríkja. Íslenskir listamenn hafa í gegnum tíðina fengið innblástur frá náttúru, landslagi og orku landsins. Auk þeirra miklu náttúrukrafta sem yfir Íslandi svífa hafa yfirskilvitlegir íbúar þess, eins og álfar, tröll og huldufólk, haft sín áhrif á listamenn. Barátta elds og íss sem og stór svæði þakin sandi, hrauni og ísbreiðum eru gerólík nágrannalöndunum. Kraftur íslenskrar náttúru og hin síbreytilegu birtuskilyrði munu án efa fylgja Íslendingum og listsköpun okkar um ókomna tíð. Margir af þekktustu listamönnum Íslands hafa málað málverk sem hylla íslenska náttúru og áttu margir hverjir þátt í því að færa almúgann í Reykjavík nær náttúrunni og opna augu hans fyrir fegurð landsins. Varla er hægt að finna þann íslenska listamann sem ekki notfærir sér eða hefur vísanir til landslags og náttúru Íslands í verkum sínum. Þó svo að íslensk náttúra hafi ætíð verið stór hluti af íslenskri myndlist þá hafa listamenn túlkað hana á mismunandi hátt. Sumir sveipuðu hana gylltum ljóma með það að markmiði að upphefja þjóðernishyggju í átt til sjálfstæðis á meðan aðrir máluðu sína heimabyggð á Íslandi með söknuði frá fjarlægum slóðum. Hver sá sem tilgangurinn er þá er ljóst að náttúra okkar Íslendinga mun ávallt verða listamönnum innblástur og verðugt viðfangsefni í listsköpun (Art Iceland-Íslensk list, ljós og lifandi [2009]).

Rúrí er einn þeirra listamanna sem túlkað hefur náttúru Íslands í list sinni. Hún er vel þekkt fyrir útilistaverk eins og *Regnbogann* við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík og *Fyssu* í Grasagarðinum en einnig áhrifamiklar innsetningar líkt og *Glerregn* frá árinu 1984 og *PARADÍS?-Hvenær?* sem hún gerði árið 1998. Sérstaða Rúrjár í myndlist er margbrotin og áhugaverð bæði vegna þess hve fjölbreytt verk hennar eru en ekki síður vegna þess hve djúpa þörf hún hefur fyrir að koma á framfæri mikilvægu erindi og boðskap með verkum sínum. Hún fer inn á mörg svið samtímalistar með verkum sínum og hún miðlar oft skýrri sýn sinni á félagslegan og pólitískan veruleika í víðu tilvistarlegu samhengi. Þótt hún tjái sig ekki oft í ræðu eða riti um sínar pólitísku skoðanir má túlka þær í verkum hennar og sem dæmi um það

má nefna verkið *Archive-endangered waters* sem var framlag Íslands til Fenejartvíæringsins árið 2003. Í því verki sést vel andstaða Rúriar gegn virkjanaframkvæmdum á Íslandi(Þóra Þórisdóttir 2005).

Rúri vakti áhuga minn með fallettri hugmynd um náttúruna, lífið og tilveruna. Hún hefur óþreytandi vilja til að opna augu fólks fyrir umhverfismálum, kærleika mannsins og ógnum sem geta staðið að hvoru tveggja ásamt ógn að okkar eigin tilvist. Ósjaldan er þungamiðjan í verkum hennar náttúran og umhverfisvernd. Í þessari ritgerð mun ég skoða feril Rúriar í samfélagslegu og alþjóðlegu samhengi og reyna að varpa ljósi á hvað gerir hana að jafn sérstökum listamanni og raun ber vitni. Í lokin mun ég svo koma með tillögu að því hvernig fjalla má um feril og listfræðilega heimspeki Rúriar í myndmenntakennslu á unglingsstigi.

2. Æviágrip

Listamaðurinn Rúrí heitir fullu nafni Þuríður Fannberg og er fædd árið 1951 í Reykjavík. Hún stundaði nám bæði í Reykjavík og í Hollandi, hlaut stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1971, stundaði myndlistarnám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1971-1974 og járnsmíðanám við Iðnskólann í Reykjavík 1974-1975. Þaðan hélt hún til Hollands í myndlistarnám við De Vrij Academie Psychopolis, den Haag í Hollandi á árunum 1976-1978. Rúrí hefur starfað sem listamaður víðsvegar um heiminn meðal annars í Hollandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Kanada, Kína og Svíþjóð(Rúrí-Starfsferill [2009]).

2.1 Upphaf ferilsins

Rúrí var einn af frumkvöðlum gjörningalistar á Íslandi en hún vakti fyrst athygli á listahátíð árið 1974 þegar hún gekk með sleggju á gullhúðaða bensbifreið í Austurstræti og hrópaði „þú þræll ég vil ekki þjóna þér“. Tilgangurinn með gjörningnum, að sögn listamannsins, var að vekja fólk til umhugsunar um efnishyggjusamfélagið og lífsgæðakapphlaupið(Rúrí-Glerregn 2001). Þessi gjörningur er nokkuð lýsandi fyrir það sem kom í kjölfarið á ferli Rúríar en verk hennar bera nánast öll með sér ákveðinn boðskap, gagnrýna nálgun, hvatningu til umhugsunar eða ádeilu á núverandi ástand samfélagsins. Rúrí vill bæta heiminn og hún er gagnrýnin í sköpun sinni.

„Fyrir mér er list heimspeki. Verk mín fjalla um tengsl manns og jarðar sem og alheims, manninn í óratíma veraldar, mannlegar skynjanir. Verk mín eru einungis örsmátt brot af heildinni. Hversu frumleg sem við viljum vera þá vinnum við í raun ávallt út frá sömu grunnforsendum sem eru jörðin í alheiminum og tilvera mannanna á jörðinni; maður og menning í tengslum við náttúru, jörðu og alheim. Listamenn eru sífellt að velta upp nýjum flötum á sama veruleikanum og skoða hann frá nýjum sjónarhornum. Nútímamaðurinn er heillaður af tækni sinni, honum hefur tekist að beisla áður ókunn öfl og færa sér þau í nyt. En þau öfl sem mótuðu jörðina eru enn að verki“ (Rúrí 1992).

Í orðum Rúríar má sjá að hún lítur listina heimspekilegum augum en verk hennar hafa ávallt verið af þeim toga sem kalla má hugmyndalist. Hugmyndalist er þýðing á konseptlist en enska orðið „*concept*“ þýðir hugmynd. Þessi listastefna blómstraði á tímabilinu 1965 til 1975(Sumarsýning-úrval verka í eigu safnsins 2002). Hugmyndalist gengur út á að leggja áherslu á hugmyndina bak við listaverkið. „*konseptið*“ eða hugmyndin verður þannig mikilvægara en sjálft listaverkið(Norski listavefurinn-Marianne Heske[2009]). Það mætti segja að hugmyndalístin hafi gengið lengst í að útmá það sem gæti minnt á list eða hið listræna, þar á meðal listaverkið sjálft, en þó þannig að það væri list eftir sem áður(Gunnar J. Árnason 1995).

Rúrí á langan myndlistarferil að baki og eru verk hennar þekkt víða. Hún hefur notað margvíslega tækni og má þar nefna skúlptúra, innsetningar, margmiðlunarverk, gjörninga, bókverk, kvikmyndir, video, hljóðverk, blandaða tækni, tölvuvædd og gagnvirk verk. Listaverk hennar hafa verið sýnd meðal annars víða í Evrópu, Ameríku og Asíu en þekktust er hún eflaust á alþjóðlegum vettvangi fyrir framlag sitt til Feneyjartvíæringsins árið 2003(Rúrí-Forsíða [2009]).

Til þess að átta sig betur á því hvað það var sem gerði Rúrí að þeirri listakonu sem hún er þá er réttast að líta um öxl yfir listasögu síðustu ára. Margt var á sveimi í listheiminum þegar Rúrí var að stíga sín fyrstu skref í faginu og margar breytingar hafa átt sér stað á síðustu öld bæði sögulegar, listfræðilegar og pólitískar. Saga síðustu aldar og þær öru breytingar sem áttu sér stað hafa vafalaust haft áhrif á Rúrí og átt sinn þátt í að móta hana sem listamann.

3. Náttúran í íslenskri myndlist

Íslensk nútímamyndlist hófst í byrjun 20. aldar með fyrstu listasýningunni sem haldin var í Reykjavík; sýning Þórarins B. Þorlákssonar í desember árið 1900. Þar sýndi hann smáar landslagsmyndir og hluti þeirra voru málverk af íslenskum sumarnóttum sem hann hafði málað úti í náttúrunni sumarið áður. Þessi sýning markaði upphafið að myndlistarhefð sem fylgt hefur Íslendingum alla tíð síðan. Landslagsmálverk urðu grunnurinn í íslenskri myndlist og náttúruminnið varð að séreinkenni fyrir íslenskan listrænan veruleika (Auður Ólafsdóttir 2001:23). Þessi tilhneiging íslenskra myndlistarmanna, í upphafi 20. aldar, að fjalla um náttúruna í verkum sínum skýrist ef til vill betur þegar við skoðum hvaða afstaða var þá ráðandi. Í byrjun aldarinnar var rómantísk hughyggja í fyrirrúmi og listamenn vildu leggja áherslu á andlega sýn á náttúruna (Ólafur Kvaran 2001:9). Upphaf íslenskrar myndlistar rís samhliða þjóðarvitund sem leiddi til baráttu fyrir sjálfstæði frá yfirráðum Danmörku. Upphafning náttúrunnar í verkum frumherja íslenskrar myndlistar má tengja við hugmyndafræði þjóðernishyggju og baráttuna fyrir sjálfstæði. Landslagsmálverk af íslenskri náttúru urðu mjög áberandi á fyrri helming aldarinnar. Stór hluti íslenskra listamanna fór til Kaupmannahafnar í nám en flestir snéru þó aftur og kynntu það sem þeir höfðu lært úti í heimi um nútíma evrópskan myndlistarstíl sem svo blandaðist myndlist þjóðarinnar. Þó svo að abstraktlist hafi orðið yfirráðandi stíll um miðja öldina þá hvarf landslagið aldrei alveg frá íslenskri myndlist og áhrif þess náðu allt frá hefðbundnum trönumálverkum til hugtaka- og gjörningalistar um 1960 og 1970 (Auður Ólafsdóttir 2001:23). Í kringum 1960 varð það verkefni nýrrar kynslóðar að sýna tengslin á milli náttúrunnar og menningar en á þessum tíma hvarf endanlega hin upphafna rómantíska sýn á náttúruna sem ríkt hafði á árum áður (Ólafur Kvaran 2001:9).

3.1 Sjöundi áratugurinn

Um 1960 kom fram höfnun á íslensku útgáfunni af abstraktlist sem hafði þá gengið sér til húðar að mati þeirrar kynslóðar sem þá var að hasla sér völl. Upp hófst

nokkurs konar almenn ókyrrð í hinum fábreytilega heimi íslenskrar listar. Ungir listamenn tóku að víkja frá viðurkenndum brautum í listinni og úr þessu ástandi komu saman einstaklingar sem áttu sameiginlega almenna óánægju og andúð á hinu ríkjandi samfélagsástandi og menningu. Þessir einstaklingar stofnuðu SÚM(Guðbergur Bergsson 1974:5-7).

3.1.1 SÚM

Með opnun Galerie SÚM árið 1969, m.a að undirlagi Jóns Gunnars Árnasonar (f.1931), urðu mikil þáttaskil í íslenskri nútímalist. Kynni Jóns Gunnars af Dieter Roth á sjöunda áratugnum, sem var þekktur svissneskur/þýskur listamaður, urðu til þess að örva áhuga hans á hreyfilist eða kinetik sem þá var útbreidd listastefna í Evrópu. Vegna óvenjulegrar verkkunnáttu og þekkingar í rafmagns- og vélataekni leið ekki á löngu þangað til Jón Gunnar var kominn í fremstu röð íslenskra listamanna. Jón Gunnar hafði mikil áhrif á Rúrí sem listamann en þau voru einnig hjón á tímabili(Halldór Björn Runólfsson 1988:80).

Allt aftur til 18. aldar voru teikningar skýrt afmarkaðar frá málverki og málverk frá höggmyndalist en á þessum tímum byrjuðu skilin að verða ógreinilegri og listir tóku að skarast. Eftir að flokkun lista tók að verða óskýrari urðu innsetningar ekki langt undan. SÚM átti enga skólastofnun en listamenn sem aðhylltust stefnuna söfnuðust saman úr flestum listgreinum lauslega í kringum Galerie SÚM að Vatnsstíg 3B í Reykjavík. Stígurinn er kenndur við vatn en það var nokkuð lýsandi fyrir hópinn sem var fljótandi og vatnskenndur á sinn hátt. Nýlistasafnið varð síðar til húsa á sama stað sem nokkurs konar afsprengi Galerie SÚM(Nokkrir vinir-Listasafn Íslands [2009]).

3.1.2 HUGMYNDALIST

Þáttaskilin sem áttu sér stað í íslenskri myndlist með tilkomu SÚM ruddu brautina fyrir íslenska hugmyndalist (konseptlist) og ýttu undir aukin samskipti á milli íslenskra og erlendra listamanna. Merkustu afleiðingar af starfsemi SÚM voru eflaust hin nánú menningartengsl sem mynduðust milli Íslands og Hollands. Þrír af helstu félögum SÚM settust að í Amsterdam og hófu feril sinn þar fyrir alvöru. SÚM hreyfingin átti stóran þátt í að móta Rúrí sem listamann á upphafi ferilsins og hún var

undir áhrifum frá félögum SÚM þegar hún byrjaði að feta sig áfram í myndlistinni(Halldór Björn Runólfsson 1988:91).

Önnur gildi voru að riðja sér til rúms í íslenskri myndlist og hugmyndalistin að hefja sitt blómaskeið. Upphaf hugmyndalistar má rekja til Bandaríkjanna en einn af upphafsmönnum hennar var bandarískur listamaður, Sol LeWitt. Hann skilgreindi hana sem „*list sem gerð er til þess að binda hug áhorfandans fremur en augu hans eða tilfinningar*“ eða „*art that is made to engage the mind of the viewer rather than his eyes or emotions*“(Irving Sandler 1988:343). Í hugmyndalist verður hugmyndin sjálf jafn mikið listaverk og lokaútkoman jafnvel þótt hún sé ekki gerð sýnileg. Öll skref sem listamaðurinn tekur í átt að niðurstöðunni, skissur, krot, misheppnuð verk, módel, kannanir, samtöl og fleira eru áhugaverð og mikilvæg. Þau sýna hugsanaferli listamannsins sem er oft áhugaverðara heldur en lokaverkið. Hugmyndir mega alveg eins vera settar fram sem tölustafir, ljósmyndir, orð eða á hvern þann hátt sem listamaðurinn velur sér því formið er ekki það sem skiptir máli(Irving Sandler 1988:345).

3.1.3 GJÖRNINGAR

Eins og fram hefur komið voru ýmsar áhrifamiklar breytingar búnar að vera á sveimi í listheiminum þegar Rúrí var að stíga sín fyrstu skref sem listamaður á áttunda áratugnum. Gjörningalistformið, sem Rúrí valdi sér í upphafi ferilsins, var eitt afsprengi þessa breytinga. Formræn gildi voru búin að ráða ríkjum í langan tíma áður en gjörningalistin kom til sögunnar og margir listamenn tilbúnir að gefa gömul fagurfræðileg gildi upp á bátinn og opna fyrir nýjar óformlegri hugmyndir(Nokkrir vinir-Listasafn Íslands [2009]). Gjörningalistformið byrjaði að ryðja sér til rúms á sjöunda áratugnum með listamönnum líkt og Vito Acconci, Hermann Nitsch, Chris Burden, Carolee Schneemann, Yoko Ono og fleirum. Í gjörningum ákvarðar verknaður einstaklings eða hóps á ákveðnum stað og ákveðnum tíma listaverkið. Gjörningalist er ólík málalist eða höggmyndalist á þann hátt að það er ekki áþreifanlegur hlutur sem skilgreinir verkið. Gjörningur getur gerst hvar sem er, á hvaða tíma sem er og á hve löngum tíma sem er(Wikipedia-Performance art[2009]).

Gjörningaformið er náskyld hugmyndalistinni og tók að líta dagsins ljós á svipuðum tíma(Nokkrir vinir-Listasafn Íslands [2009]).

3.2 Áttundi áratugurinn

Listamenn eru góðir skynjarar á ástand og breytingar þjóðfélagssins. Á 20. öldinni urðu mjög örar breytingar á umhverfi mannsins og yfirgrípsmeiri en nokkurn tíma fyrr. Tæknimenningin þrengdi sér inn á fleiri og fleiri svið lífsins og áhrifamáttur tækninnar jókst til muna. Um leið og þetta gerðist fjarlægðist maðurinn náttúruna sem var honum allt áður fyrr, með tækninni slitnuðu tengslin við móður jörð og um leið brenglaðist verðmætamat hans. Listamenn byrjuðu í kringum sjöunda áratuginn að vinna með sjálfa jörðina og jarðveginn sem efnivið í þeim tilgangi að nálgast náttúruna á ný. Í listasögunni er það sem um ræðir kallað Land-Art. Í staðinn fyrir að mála málverk á léreft eða steypa skúlptúra í bronz fóru listamenn að móta verk sín beint í jörðina. Grundvallarþættir náttúrunnar eins og jörð, vatn, eldur og loft og sú ógn sem náttúrunni stafar af mannum urðu yrkisefni listamanna. Næstu tvo áratugana á eftir tók hugmyndalist að skarast á við Land-Art sem þróaðist síðar í umhverfislist(Rúrí og Jón Gunnar Árnason 1985:1).

3.2.1 UMHVERFISLIST OG INNSETNINGAR

Þó svo að mest hafi borið á Land Art í Bandaríkjunum þá var margt einnig að gerast í Evrópu. Rúrí er gott dæmi um listamann sem tók virkan þátt í þessari þróun en fljótlega upp úr 1980 fór hún að vinna með umfangsmikil umhverfislistaverk og innsetningar og hún er frumkvöðull í sýningum á þessari tegund listar á Íslandi(Rúrí-Glerregg 2001). Í innsetningum eru notuð efni og ápreifanlegir hlutir til þess að breyta rými eða svæði. Innsetningar eru ekki endilega aðeins í listagalleríum, þær geta verið hvaða íhlutun sem er og í hvaða hversdagslega rými sem er(Wikipedia-Installation art [2009]). Árið 1979 stofnaði Rúrí til norræns samstarfs, ásamt danska listamanninum Henrik Pryds Becum, á umhverfislist sem kallað var „*Experimental Enviroment*“. Afsprengi þessa samstarfs voru nokkrar samsýningar þar sem áhersla var lögð á mismunandi þætti umhverfissins hverju sinni. Sú fyrsta var á Korpúlfsstöðum árið 1980 þar sem fram komu 45 listamenn og fjölluðu um umhverfi

í víðu samhengi. Næsta sýning var haldin árið 1981 í Finnlandi og í Danmörku árið 1983 þar sem fjallað var um hafið og vinda. Mikið af verkunum sem sýnd voru eru nú einungis til á ljósmyndum og í minningum þeirra sem sáu. Í sumum tilfellum hafa verkin orðið samruna náttúrunni, breyst og þróast með henni eða jafnvel eyðst. Flestir listamenn er tóku þátt áttu það þó sameiginlegt að leggja frekar áherslu á hugmyndalegt gildi þeirra heldur en efnislegt. Það mætti segja að þessi umhverfisverk hafi verið tilraunir á listrænum og hugmyndalegum vettvangi. Líkt og tilraunir í vísindum eru undistaða tækniþróunar þá getur listgrein orðið mikilvægur þáttur í að bæta umhverfi mannsins og lífstíl hans (Rúrí og Jón Gunnar Árnason 1985: 1-7). Nokkur umhverfislistaverk eftir Rúrí standa á opinberum stöðum hérlendis sem og á hinum norðurlöndunum. Má þar nefna verkið *Regnbogi* við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík, *Stuðlar* sem stendur við Háskólabíó og *Fyssa* í Grasagarðinum (Rúrí-Glerregn 2001).

Regnbogi 1991

Verkið *Regnbogi* gerði Rúrí árið 1991 og það er um 24 metra hátt, 9 metra breitt og 4,5 metra þykkt. Það er gert úr ryðfríu stáli og steindu gleri en glerin eru rúmlega 300 talsins og stálgrindin, sem er burður verksins, er samhverf um miðju. Verkið stendur upp úr úr hellulögn úr íslensku grágrýti og er lýst upp í húmi. Grunnflötur verksins er trapisulagaður, breiðastur í rauða endanum en grennstur í þeim bláa (Rúrí-Gallerí [2009]).

*”Regnboginn er ófullgerður -
Ég ímynda mér að einhvern tíma síðar meir,
eftir svo sem eitthundrað eða þúsund ár
verði þráðurinn tekinn upp aftur
þar sem frá var horfið og smíðinni haldið áfram.
Verkið myndi teygja sig hærra og hærra upp í himininn,
síðan niður á við aftur.
Þar til að lokum að endinn snerti jörðu,
og regnboginn væri fullgerður”* (Rúrí-Gallerí [2009]).



Tileinkun 2006

Dæmi um innsetningar sem Rúrí hefur framkvæmt er m.a. verkið *Tileinkun*. *Tileinkun* er gjörningur og innsetning sem fluttur var í og við Drekkingsrhyll á Þingvöllum 5. september árið 2006. Gjörningurinn, er tók um 90 mínútur, var framdur í tengslum við sýninguna *Mega Vott* og er tileinkaður minningu þeirra stúlkna og kvenna sem þar voru teknar af lífi á 17. og 18. öld fyrir þær sakir einar að verða þungaðar og ala börn utan hjónabands (Rúrí-Gallerí [2009]). Hugmyndin sem liggur að baki þessum gjörningi hefur mjög sterka samfélagslega tilvísun. Þó svo að við höfum öll heyrt um Drekkingsrhyll og örlög þeirra kvenna sem þangað voru dregnar þá færir Rúrí okkur nær þeim atburði. Með verkinu lætur hún okkur huga að því að slíkt óréttlæti og átti sér stað á Þingvöllum fyrir mörgum öldum síðan á sér enn stað í dag en oft í annarri mynd. Konur, menn og börn eru enn í dag beitt ranglæti víðs vegar um heiminn og við höfum ekki rétt á að hunsa það aðeins vegna þess að það er okkur ekki alltaf sýnilegt.



Mynd 2. *Tileinkun* (Rúrí-Gallerí [2009]).

4. Einkenni í myndlist Rúriar

Eins og fram hefur komið þá hafa íslenskir listamenn löngum túlkað náttúru Íslands í verkum sínum. Rúrí fjallar einnig um náttúruna en á annars konar máta. Hennar sérstaða er sú að þótt athyglinni sé beint að umhverfi á Íslandi þá eru skilaboðin jafnframt mun hnattrænni. Rúrí fjallar um náttúru Íslands og þá ógn sem að henni stafar til þess að vekja athygli á alheimsvanda.

4.1 Pólitískar hugmyndir

Rúrí er ein fárra íslenskra myndlistarmanna sem gert hefur gagnrýna nálgun að inntaki verka sinna og sett það í jafn stórt samhengi og raun ber vitni þótt slíkt megi finna hjá fjölmörgum erlendum myndlistarmönnum. Pólitíska vitund hennar á rætur sínar að rekja til fréttu úr útvarpi í upphafi kalda stríðsins. Það andrúmsloft sem ríkti í heiminum á sjötta og sjöunda áratugnum birtist hér á landi í fréttáflutningi útvarpsins. Frásagnir af styrjöldum í Austurlöndum og vopnuðum innrásum í Austur-Evrópu og víðar ásamt uppgjöri tengdu útrýmingarþátta voru daglegt brauð. Þá var vitneskjan um tilvist geryðingarvopna, beggja vegna Atlandshafs, ekki til að draga úr þeim ótta að friðurinn væri gálgafrestur. Rúrí tilheyrir fyrstu kynslóðinni sem vex úr grasi þess meðvituð að maðurinn gæti sjálfur eytt öllu lífi í kringum sig á svipstundu ef hann kærði sig um það. Þessi vitneskja hefur mótað viðhorf Rúriar sem myndlistarmann og það kemur einnig fram, þótt á ólíkan hátt sé, í verkum sem taka fyrir afstæðið og umheiminn (Þórunn Helga Benedikz 2008:63-64).

4.1.1 ÓGNIR

Glerregn

Glerregn er eitt fyrsta verk Rúriar þar sem hugsanir um ógnir koma fram með skýrum og eindregnum hætti. Verkið gerði Rúrí árið 1984 og það samanstendur af ríflega 500 hnífskörpum glerjum sem hvert um sig endar í oddi. Hvert gler er 50 til 150 cm langt og hangir í glærum þræði. Þegar gengið er nálægt verkinu taka glerin að snúast á þráðunum vegna hreyfingar loftsins og þá myndast óteljandi speglanir í glerflötunum.

Inn í verkið gengur mjór slóði, um það bil 70 cm á breidd. Yfir honum eru engin gler þannig að hægt er að ganga inn í verkið en þegar það er gert sést ekki hvort stígurinn nær í gegnum verkið eða hvort hann endar í því miðju(Rúrí-Gallerí [2009]). Ógnin í þessu verki stafar ekki af manninum heldur er henni beint að honum. Vafalaust væri það ógnandi að ganga undir beljandi glerregni og ekki sjálfgefið að sýningargestir hættu sér inn í verkið enda ekki margir sem það gerðu þegar það var fyrst sýnt á Kjarvalsstöðum árið 1984. Þó, með því að ganga inn í verkið, verður skoðandinn fyrir upplifun sem ekki fæst með því aðeins að horfa. Það er jafnframt einkenni innsetninga að þær verða ekki fullkomlega meðteknar með sjóninni einni. Þegar hvöss glerin ljúkast um mann virðist ógnin nánast áþreifanleg. Það stafar þó engin raunveruleg hættu af glerjunum ef skoðandinn gáir að sér og forðast að snerta þau. Engu að síður krefst það áræðis að fara inn. Glerin eru hárbeytt og við innganginn er ekki annað að sjá en að þröng leiðin endi í blindgötu inni í miðju verkinu þar sem illgerlegt væri að snúa við en sá sem leitar finnur útgönguleiðina(Rúrí-Glerregn 2001). *Glerregn* er, líkt og áður sagði, eitt fyrsta verk Rúríar í röð margra sem fjallar um tíma og ógnir en önnur verk eru til að mynda *Tími* og *Desolation*. Í verkinu *Desolation* voru brot úr steinsteyptum múrum og húsveggjum, líkt og rústum dauðrar borgar sem hafði að mestu verið byggt úr járnbennti steinsteypu, sett upp í göngugötu í lifandi borg í Danmörku. Í kjölfar þessa umhverfisverks frá árinu 1984 fylgdi verkið *Tími* árið 1986. Þar voru ljósmyndir af föllnum og eyðilögðum húsum framkallaðar á gagnsæar glerplötur sem héngu líkt og þær svifu í rýminu(Gildi viðfangsefnisins [2009]).

4.1.2 TÍMINN

Þrátt fyrir að Rúrí vinni oft með sömu hugmyndina í lengri tíma og í fleiri verkum þá er erfitt ef ekki ógjörningur að flokka verk hennar í hólf. Þau eru ýmist brennandi regnbogi, glerregn, rústir, kistur með samsafni mannvistarleyfa, fórnarlömb stríðsátaka, fossar í hættu og margt meira. Verkin eru fjölbreytileg en þegar vel er að gáð má sjá fínlega þræði sem spinna þau öll saman. Sterkastur þessa þræða er eflaust tíminn, mismunandi afstaða okkar til hans og tengsl við menninguna. Tíminn er grunnþemað í verkum Rúríar, hann er afstæður, ósýnilegur og í senn skapandi og

eyðandi. Í nokkrum verka sinna er eins og Rúrí vilji streitast gegn tímanum. Hún vinnur líkt og vísindamaður, safnar, rannsakar, skipuleggur, raðar og skrásetur. Þess konar vinnu má vel sjá í verkum eins og *PARADÍS?-Hvenær?* sem var sýnt á Kjarvalsstöðum árið 1998. Það fjallar um stríðsátök í Bosníu-Hersegovnú en í því verki skrásetti Rúrí nöfn og upplýsingar 100.000 fórnalamba stríðsátaka, raðaði þeim í skjalaskúffur og flokkaði eftir lýðveldum, löndum og héruðum (Laufey Helgadóttir 2003).



Mynd 3. *PARADÍS?-Hvenær?* (Rúrí-Galleri [2009]).

Þegar Rúrí hafði nýlokið verkinu *PARADÍS?-Hvenær?* árið 1998 byrjaði hún að vinna með hugmyndina um Endangered waters, eða vatn í hættu. Á sama tíma var nokkuð að gerast á Íslandi, athyglinni var beint að virkjanaframkvæmdum og það var mjög mikil umræða um efnið. Margir listamenn mótmæltu virkjanahugmyndinni og Rúrí tók þátt í að skipuleggja flutning á Eyjabakkasvæðinu á hálendinu. Þessi viðburður var stór og um 150 manns hvaðanæva af landinu kom upp á fjöllin til að taka þátt. Síðan þá hefur viðfangsefnið verið Rúrí hugleikið og mikilvægt ekki einungis hvað varðar náttúru Íslands heldur einnig á heimsmælikvarða. Þótt hún taki dæmi í verkum sínum frá íslenskum aðstæðum þá hefur hún sagt að þau sé staðbundin dæmi um heimsmálefni eða „*local example for a global issue*“ (Rúrí 2008).

4.2. Vatn og fossar í verkum Rúriar

„Það eru nokkrar ástæður fyrir hrifningu minni á vatni. Þetta efni er grunnforsenda fyrir lífi á jörðinni, án þess er ekkert líf. Og mannslikaminn er að mestu vatn“ (Rúri 2006:14).

Rúri hefur verið upptekin af vatni í mörgum verka sinna en eins og hún sagði í viðtali árið 2008 þá er „vatn (er) okkar bláa gull framtíðarinnar og við verðum að passa upp á það til þess að tryggja okkur öllum góða framtíð“ (Rúri 2008). Fossar hafa á undanförunum árum verið henni hugleikið viðfangsefni. Hver foss hefur sinn eigin persónuleika og hljóðin sem þeir gefa frá sér eru rödd þeirra og tónlist. Fossar eiga sér tungumál eins og mennirnir og vissulega er samhengi þar á milli. Þeir eru líkt og lifandi ótæmandi skúlptúrar á sífelldu iði (Laufey Helgadóttir 2003).

„Þeir eru svo rosalega gott dæmi um fegurð. Það er eitthvað með fossa, þeir sýna mjög sterka tilfinningu fyrir afl en á jákvæðan hátt. Ekki afl sem er verið að misnota heldur bara sem er til, mjög aflmikil tilvera sem ég laðast að. Svo mér líkar að sýna þá á þeirra besta tíma“ (Rúri 2008).

4.2.1 UN DANFARI FENEYJARTVÍÆRINGSINS

Fyssa 1995

Nafn listaverksins, *Fyssa*, er samstofna orðinu foss. Hugmyndin að baki verksins eru náttúruöfl Íslands. Sprungur og gjár myndast í jarðskjálftum og berggangar verða til í gosum. Vatn safnast í gjárnar það frýs og klýfur bjargir. Listaverkið stendur að hluta til upp úr yfirborði jarðar og að hluta til gengur það niður í jörðina og myndar gjá. Það myndar línu í gegnum steinlögnina í garðinum sem



Mynd 4. *Fyssa* (Rúri-Gallerí [2009]).

gefur til kynna sprungustefnu jarðlaga Íslands. Gjáin er þriggja metra djúp og úr henni rísa tveir steindrangar hvor um sig tæplega sjö metra háir. Verkið er steypu en annað aðalefni þess er vatn. Líkt og í náttúrunni er vatnsrennslið sífbreytilegt en rennsli þess er stjórnað með flóknum dælu- og tölvubúnaði. Hljóðið sem myndast þegar vatnið fellur í gjána breytist einnig stöðugt vegna mismunandi þrýstings í vatnsbununum. Fyssa er staðsett í Grasagarðinum í Reykjavík (Rúri-Gallerí [2009]).

Tímans rás 2000



Mynd 5. *Tímans rás* (Rúri-Gallerí [2009]).


Listaverkið *Tímans rás* byggir á gömlum ljósmyndum af fossum á Íslandi en elstu ljósmyndirnar eru meira en aldar gamlar. Hver ljósmyndari sér landið sínum augum og ljósmyndirnar eru því persónuleg túlkun þeirra á þeim áhrifum sem viðfangsefnið veitir þeim. Í framsetningu listaverksins virðir Rúri fullkomlega túlkun upprunalegu ljósmyndaranna. Verkið er minnisvarði um hvaða áhrif fossarnir höfðu á þá hvern og einn, á hverjum tíma. Sumir fossanna í verkunum hafa breyst eða

eru jafnvel ekki lengur til. Nafnið er tilkomið frá þeirri staðreynd að vatn hefur lengi verið tákn tímans, vatn sem rennur í það óendanlega líkt og tíminn (Rúri-Gallerí [2009]).

Tileinkun til Sigríðar í Brattholti 2002

Rúri fjallar um rennandi vatn sem tákn tímans í þessu verki, vatn rennur áfram án upphafs eða endis í tíma. Tært vatn í fossum, ám og vötnum hefur lengi verið sterkur

partur af náttúru Íslands en svo gæti farið í framtíðinni að það eina sem minnt geti á fossa landsins verði verk listamanna, minningarbrot líkt og þetta verk Rúriar(Rúri-Gallerí [2009]).



Mynd 6. *Tileinkun til Sigríðar í Brattholti* (Rúri-Gallerí [2009]).

5. Feneyjartvíæringurinn

Feneyjartvíæringurinn eða La Biennale di Venezia er alþjóðleg listasýning sem er haldin annað hvert ár í Feneyjum. Hann hefur í meira en öld eða frá stofnun árið 1895 verið einn af virtustu menningarviðburðum heims með öflugan stuðning við ný listræn viðhorf og vandað skipulag. Ár hvert koma á Feneyjartvíæringinn yfir 300.000 gestir (La Biennale di Venezia [2009]). Nú árið 2009 verður hátíðin haldin í 53 skipti og framlag okkar í ár verður fjöllistamaðurinn Ragnar Kjartansson (Rúvfréttir [2009]).

5.1 Archive-endangered waters 2003

Árið 2003 var Rúrí fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum og sýndi þar verkið *Archive-endangered waters*. Vinnan við það verk svipaði að mörgu leyti til verksins *PARADÍS?-Hvenær?* þar sem hún flokkar fossana í nokkurs konar skjalaskáp. *Archive-endangered waters* átti sér langan aðdraganda og það er í beinu framhaldi af fyrri verkum hennar. Verkið er gagnvirk fjöltækni-innsetning, óður til náttúrunnar og hugleiðing um gildi hennar í nútímanum. Það er eins konar gagnabanki um fossa sem Rúrí ljósmyndar, staðsetta í stórkostlega ósnortinni náttúru á hálendinu. Í verkinu sameinar hún eindregna afstöðu sína til umhverfismála og skrásetningarþörfina. Verkið samanstendur af 52 stórum ljósmyndum á filmu, sem komið er fyrir á milli tveggja glerja í rennibrautum og er þeim rennt inn í breiðan stálgrindarstrúktúr, eins konar hirslu eða vél sem minnir jafnvel á gríðarstórt vatnsbúr. Myndirnar eru merktar skipulega og hverri mynd fylgja upplýsingar í myndformi á einum vegg salarins. Þegar mynd er dregin út fer sérstakt hljóðkerfi í gang sem spilar nið fossins (Laufey Helgadóttir 2003).

Rúrí vinnur iðulega út frá gefnu umverfi og eru verk hennar oftast hluti af því rými sem þau þróast í. Hér er það sýningarskálinn sem hafði áhrif á lokaútfærsluna. Hún breytti inn- og útgangi skálans til þess að áhorfandinn upplifði betur áhrifamátt verksins. Það myndast gagnvirkt samband þar sem skoðandinn, með hreyfingum sínum, hefur áhrif á verkið og gefur því sterkara inntak og gildi. Rúrí notast við gler í

Archive-endangered waters líkt og hún hefur gert oft áður og glerið tengist hugmyndalegu inntaki þess. Það er lifandi, getur runnið eins og vatn, verið traust og sterkt en það getur líka molnað niður í smáparta við minnsta álag. Glerið undirstrikar því hina brothættu og varhugaverðu framtíð fossanna. Ljósmyndin tengist líka tímanum því hún er frosið augnablik og vottar um það sem hefur gerst í liðinni tíð(Laufey Helgadóttir 2003).



Mynd 7. *Archive-endangered waters* (Rúri-Gallerí [2009]).

Orðið *Archive* fæst úr grísku og þýðir „það sem er gamalt, það sem mun hverfa inn í fortíðina”. Með *Archive-endangered waters* vill listamaðurinn vara okkur við og vekja til umhugsunar um hve einfalt það er að tortíma fegurðinni í náttúrunni. Hve auðvelt er að særa hana banvænu sári undir því yfirskyni að ná í skjótfenginn gróða og því er betra að skoða allar hliðar málsins áður en ákvörðun er tekin. Það er ekki nóg að hafa eitt sjónarmið heldur er það margbreytileiki sjónarmiðanna sem skiptir mestu máli. Ef ekki er vel að gáð gætu raddir fossanna hljóðnað að eilífu(Laufey Helgadóttir 2003). Verkið sýnir samband mannsins við náttúruna og minnir okkur á

að maðurinn getur ekki vikist undan því að náttúran er forsenda tilvistar hans (Harpa Þórsdóttir 2006).

Í *Archive-endangered waters* er það yfirvofandi ógn sem er frumhvatinn líkt og í svo mörgum öðrum verkum Rúriar, ógnin við að fossarnir munu hverfa og við eyðileggingu á hálendi Íslands. Líkt og í verkinu *PARADÍS?-Hvenær?* fjallar Rúi hér um atburði úr samtímanum og setur sjálfa sig í þá stöðu að vera vitni eða skrásetjari. Til að undirstrika þessa skírskotun til samtímans notar hún nútíma tækni og efnivið og tekst að sameina náttúru og hátækni á undraverðan hátt. Náttúran er undir þeirri hættu að hverfa alveg vegna stöðugra árása af nútíma tæknivæðingu og iðnaðarhugsun með mengun og úrgangi. Gróðurhúsaáhrif, hlýnun jarðar og hvarf pólanna eru allt afleiðingar þess að menn vilja græða hratt og mikið. Allt þetta kemur niður á náttúrunni og henni stafar ógn af mannum. Verkið *Archive-endangered waters* opnar augu okkar, fær okkur til að sporna gegn þessari ógn og um leið bjarga okkar eigin framtíð. Með verkinu vill Rúi höfða til okkar pólitíska siðferðis. Verkið er upprunnið á Íslandi, með rætur sínar í náttúru Íslands en vandamálið sem um ræðir er þó mun hnattrænna.

Merkilegt er að þótt verkið fjalli um viðfangsefni sem er flókið og óskipulagt í eðli sínu kýs Rúi að setja það upp á mjög skipulegan hátt. Fossarnir eru settir í skjalaskápa þótt einkenni náttúrunnar sé síður en svo að vera regluleg og fyrirsjáanleg. Mætti þá velja fyrir sér hver sé tilgangur listamannsins? Ætli það sé til þess að höfða til mannskepnunnar sem er eðlislægt að flokka niður og setja í hópa eða er það einungis til að koma til móts við eigin skipulagsþörf. Að mínu mati er verkið snilldarlega sett fram einkum vegna þessarar mótsagnar; „náttúran vs. maðurinn“, náttúran það óreglulega og óskipulagða á móti mannum sem vill flokka og skipuleggja til þess að bæta sín viðurværi sem mest. Maðurinn vill græða til að eignast betra líf en verður gráðugur, skammsýnn og lætur sér litlu skipta um langtíma skemmandi áhrif ef hagnaður er væntanlegur. Með því að setja verkið upp á þennan hátt hefur Rúi slegið tvær flugur í einu höggi. Fossarnir eru í aðalhlutverki með fallegum ljósmyndum og upptöku sem spilar nið þeirra en þó er eitthvað svo óeðlilegt og ónáttúrulegt við þær aðstæður sem þeir eru settir í. Fossarnir eru endurskapaðir

inni í skála og það sem meira er, settir inn í skáp. Ætlum við að setja fossana okkar endanlega inn í skáp og geyma þá þar eins og minningar? Ætlum við að gera úr fallegu fossunum okkar aðeins minningar sem hverfa með tímanum?

Rúrí fékk mikla umfjöllun á alþjóðlegum vettvangi fyrir sýninguna, einna helst vegna þeirra vísana og skilaboða sem felast í verkinu(Listasafn Íslands [2009]). Boðskapur verksins er að vekja athygli á málefni sem snertir alla, ekki aðeins okkur Íslendinga heldur mannkynið allt. Inntakið er skýrt og fjallar um verndun náttúrunnar fyrir ógn sem við sköpum og á endanum beinist að okkur sjálfum.

6. Rúrí í myndmennt grunnskóla

Rúrí hefur með listsköpun sinni komið víða við og notað margvíslega tækni á ferli sínum. Má þar nefna skúlptúra, gjörninga og innsetningar en eins og fram hefur komið hefur hugmyndalegt erindi og gagnrýnin nálgun verið afar áberandi og skipað stóran sess í listsköpun hennar. Vegna þess hve sérstök hún er sem listamaður og hve stórt framlag hennar hefur verið til íslenskrar menningar og lista má hugsa sér að hafa feril hennar og verk til hliðsjónar við myndmenntakennslu grunnskóla. Hentugast væri að mínu mati að taka verkefni tengt hugmyndalist á unglíngastigi grunnskóla. Ástæðan er sú að á unglíngastigi eru þeir nemendur sem vegna áhuga hafa valið sér myndmennt sérstaklega en einnig tel ég að nemendur á þessum aldri séu nógu þroskaðir til að takast á við myndlistaverk byggt á hugmyndalegum grunni. Þeir ættu að geta kafað dýpra í hugmyndavinnunni heldur en yngri nemendur.

Í verkefni tengdu Rúrí og hugmyndalist í myndmenntakennslu er gott að byrja á því að kynna listakonuna fyrir nemendum og fræða þá um stefnuna. Kennari segir nemendum að í hugmyndalist sé það ekki lokaútfærslan sem skipti öllu máli heldur séu öll skref og hugmyndavinna í áttina að lokaverkinu mikilvæg og möguleikarnir á framsetningu eru nánast ótæmandi. Kennari ræðir einnig við nemendur um hvaða aðferðir nútíma listamenn, líkt og Rúrí, hafa nýtt sér til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Hægt er að ræða um skoðanir Rúríar á umhverfismálum og öðrum viðfangsefnum sem hún hefur tekið fyrir í verkum sínum. Án efa gætu skemmtilegar umræður skapast um ýmis málefni til að mynda tengdum náttúruvernd. Hver nemandi fær að koma sínum skoðunum á framfæri og fjalla um það sem honum þykir mikilvægt og áhugavert. Að umræðum loknum velja nemendur sér ákveðið viðfangsefni sem þeim er hugleikið og þeir vilja fjalla um í myndlist. Hugsanlega gæti það verið tengt náttúruvernd og gefur það góðan kost á samþættingu við náttúrufræði. Nemendur gætu í verkum sínum fjallað um gróðurhúsaáhrif, hlýnun jarðar, flokkun úrgangsefna eða virkjanaframkvæmdir svo fátt eitt sé nefnt. Mikilvægt er að kennari brýni fyrir nemendum markmið hugmyndalistar, að lokaútfærslan skipti ekki mestu máli heldur hugmyndin og hugsjónin að baki, það

sem hver nemandi vill koma á framfæri með verki sínu. Verkefnið hefur þann kost að nemendur verða að velja sér viðfangsefni sem skiptir þá sjálfa máli, þeir verða að kynna sér það vel og mynda sér skoðun á því. Þetta hefur að mínu mati afar þroskandi áhrif á nemendur og kennir þeim mikilvægi þess að hafa skoðanir á ýmsum spurningum sem koma upp í þjóðfélagsumræðunni og að vera virkir samfélagsþegnar. Með því læra þeir að við sem einstaklingar getum haft áhrif á gang mála í lýðræðisþjóðfélagi. Nemendur læra einnig að það er ekki nauðsynlegt að fara út í stjórnsmál til þess að koma pólitískum skoðunum sínum á framfæri, þeir geta látið í sér heyra á margan mismunandi máta og myndlistin er ein leið. Verkefnið gefur góða möguleika á hópstarfi en þá koma nemendur sér saman um hvernig útfærsla verksins á að vera og hver sé boðskapur þess. Hópstarf hefur þroskandi áhrif þar sem nemendur þjálfast í samvinnu og læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra (Ingvar Sigurgeirsson 1999:136).

Gott er að gefa sér góðan tíma bæði í umræður og í hugmyndavinnu því eins og áður sagði eru öll skref að lokaútkomu mikilvæg þegar unnið er að verki með hugmyndalegu inntaki. Nemendur geta nýtt sér hvað sem er í útfærslu verksins; framið gjörning, gert skúlptúr, sett upp innsetningu o.s.frv. Í lokin væri hægt að halda sýningu þar sem nemendur virða fyrir sér verk samnemenda, túlka þau á sinn eigin hátt og gagnrýna á uppbyggilegan máta. Kennari segir nemendum að listamaðurinn sé ekki sá eini sem hafi „réttu túlkun“ á verkinu heldur skipti túlkun og upplifun áhorfandans líka miklu máli.

Verkefni sem þetta gæti verið afar gefandi að mínu mati þar sem það gefur góðan möguleika á samþættingu námsgreina; myndmennt, náttúrufræði og siðfræði. Í stað þess að nýta aðeins teikni- eða málarahæfileika verða nemendur að nýta önnur skilningavit og finna hvaða boðskap þeir vilja koma til skila með verkinu. Þeir átta sig á að það er hugmyndin sem skiptir mestu máli í hugmyndalist ekki lokaútfærsla verksins. Nemendur læra því að meta hugmyndavinnu og tilraunir að baki verka í stað þess að meta aðeins hið endanlega verk. Þeir fræðast um mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi sitt og að það skiptir máli að hafa rödd í samfélaginu. Þeir átta sig á að það er mikilvægt að hafa skoðanir á ýmsum málefnum er snerta mannkynið.

Nemendur læra einnig að þeir hafa rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri og að myndlistin getur á afar áhrifamikinn hátt komið þeim til skila.

7. Lokaorð

„Myndlist er ákveðin tegund samskipta og getur sem slík verið hluti af samræðu í besta skilningi þess orðs. Listamaðurinn er „skjálftaneminn“ sem boðar aðdraganda stórtíðinda í mannheimi“(Uecker). Maðurinn sem svo mælti var þýskur myndlistamaður að nafni Günther Uecker (f.1930). Það má túlka orð hans sem svo að hlutverk listamannsins sé ekki einungis það að skemmta með fallegum myndum og málverkum heldur segja þeir oft ákveðna sögu og hafa margvísleg skilaboð til umheimsins. Þessi skilaboð geta verið skoðanir listamanns á ákveðnu viðfangsefni, sett fram í þeim tilgangi að vekja til umhugsunar. Stundum kemur skýrt fram í verkinu hvað listamaðurinn vill segja og hvaða skilaboð eða skoðanir hann vill koma á framfæri en oft á tíðum verðum við sjálf sem áhorfendur að rýna inn í merkingu verkanna og finna okkar eigin túlkunum farveg í verkinu. Íslenskir listamenn hafa oft á tíðum fjallað um náttúru Íslands. Nær það eins langt aftur og til landslagsmálverka í upphafi síðustu aldar og jafnvel enn lengra aftur í tímann. Fyrri meistarar íslenskrar listasögu vildu margir hverjir hvetja fólk landsins til baráttu fyrir sjálfstæði eins og á fyrri hluta 20. aldar. En eftir því sem árin liðu breyttist samfélagið og áherslur okkar og markmið með. Ný málefni komast sífellt í kastljósið er snerta land og þjóð eða jafnvel heiminn allan. Rúrí hefur sterkar skoðanir á ýmsum viðfangsefnum og kemur þeim til skila með verkum sínum. Þegar umræðan um virkjanaframkvæmdir stóð sem hæst á Íslandi tók Rúrí til máls, ásamt öðrum, í gegnum listina í þeim tilgangi að vekja fólk til umhugsunar um málefni sem ekki hafði verið á dagskrá listamanna áður. Verk Rúríar bera með sér viðvörðun en einnig von um að við hlustum og höfum varann á. Fórnir fylgja framförum en hversu miklar fórnir erum við tilbúin að færa í von um gróða? Skiptir það okkur máli þótt náttúran greiði gjaldið? Er ekki í lagi þó að nokkrir fossar hverfi á hálendi Íslands? Svárið er nei því það gjald sem náttúran greiðir í dag endum við og börn okkar á að endurgreiða margfalt þegar til lengri tíma er litið. Náttúran gefur okkur líf og skapar okkar tilveru. Ef við eyðileggjum hana endum við með að eyðileggja tilvist okkar sjálfra. Rúrí vill opna augu okkar og vekja okkur til umhugsunar um að það sem við ákveðum að gera í dag hefur áhrif á

fram tíðina. Hún fjallar um náttúru Íslands en vill með því vekja athygli á alheimsvanda. Vandinn er ógn sem að náttúrunni stafar. Maðurinn er að ógna sinni eigin tilveru í von um hagnað. Verk líkt og *Archive-endangered waters* vekur okkur til umhugsunar um hvers kyns áhrif við viljum hafa á náttúruna. Viljum við nýta okkur hana til skyndigróða eða viljum við hugsa til framtíðar og vernda náttúruna sem gefur okkur líf? Rúrí horfir á heiminn sem eina heild fremur en litlar aðskildar heildir eða lönd því öll stöndum við frammi fyrir sömu ógninni og ógnin erum við sjálf. Þetta eru hennar skilaboð og okkur ber skylda til þess að hlusta. Vatn er okkar bláa gull framtíðarinnar en við erum samt að menga vatn út um allt og höfum verið að gera það um aldir. Það er hræðilegt að hugsa til þess að við getum núna vegna tækniframfara, mengað vatnið það mikið að það ógni lífi okkar. Þetta málefni er afar mikilvægt og ég tel það eiga vel erindi í grunnskóla landsins. Unga fólkið er framtíðin og við berum ábyrgð á því að kenna þeim rétt frá röngu, mikilvægi þess að hafa skoðanir og að láta sé annt um umhverfi sitt.

Rúrí er afar sérstakur listamaður. Hún er ekki einungis með sterkar skoðanir á sviði umhverfismála og mannréttinda heldur er hún óhrædd við að koma þeim á framfæri með listaverkum sínum. Hún hefur tileinkað þessu viðfangsefni stóran hlut af list sinni og verk hennar eru ávallt hlaðin ádeilu ásamt því að vera hvatning til mannfólkins til að breyta rétt og betur. Rúrí vill bæta heiminn og gerir það með því að reyna að ná til sem flestra. Skilaboðin sem felast í verkum hennar er boðskapur um betri heim. Verkin vara okkur við að ana ekki of fljótt í breytingar sem gætu verið á kostnað náttúrunnar. Við verðum að fara vel með umhverfi okkar og náttúru ef ekki á illa að fara. Ef allir hugsuðu á þann hátt þá væri sannarlega framtíð okkar og barna okkar hólpin.

8. Heimildaskrá

Art Iceland-Íslensk list, ljós og lifandi. Vefslóð: <http://www.art-iceland.com/islensk-list.html>. [Sótt 23.febrúar 2009.]

Auður Ólafsdóttir. 2001. „Visions of nature in Icelandic Art“. *Confronting nature, Icelandic Art of the 20th Century*, bls. 23. Ritstjórar Ólafur Kvaran og Karla Kristjánsdóttir. Ritstjóri texta á ensku Martica Sawin. The National Gallery of Iceland, Oddi ehf., Reykjavík.

Gildi viðfangsefnisins. Vefslóð: <http://www.isholf.is/paradise.ruri/umsyn.htm>. [Sótt 15.mars 2009.]

Guðbergur Bergsson. 1974. „Í nútímanum verður uppsprettan ekki þekkt af því vatni , sem frá henni rennur“. *H2O*, bls. 5-7. Ritstjórar Hildur Hákonardóttir. Prentsmiðjan Edda hf., Reykjavík. Edda h.f., Reykjavík.

Gunnar J. Árnason. 1995. List án listaverka Danto, Kosuth og konseptlist. *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. júní.

Halldór Björn Runólfsson. 1988. „Þankar um íslenska nútímalist“. *Aldarspeggill, íslensk myndlist í eigu safnsins 1900-1987*, bls. 80,91. Ritstjórar Karla Kristjánsdóttir. Listasafn Íslands, Reykjavík.

Harpa Þórsdóttir. 2006. „Rúri-Vitund jarðar“. *Mega Vott*, bls. 36. Útgefandi Taragrúpp, Reykjavík.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna*, bls. 136. Æskan ehf. Reykjavík.

Irving Sandler. 1988. „Conceptual Art“. *American Art of the 1960s*, bls. 343-345. Ritstjórar Majorie Horvitz. Harper & Row, Publishers, New York.

La Biennale di Venezia. 2009. Vefslóð: <http://www.labiennale.org/en/art/>. [Sótt 24.janúar 2009.]

- Laufey Helgadóttir. 2003. Rúri Archive- endangered waters, La Biennale di Venezia 2003, *Sýningarskrá*. Prentsmiðjan Oddi ehf., Reykjavík.
- Listasafn Íslands. Vefslóð: <http://www listasafn.is/?expand=-76&i=76>. [Sótt 23. febrúar 2009.]
- Nokkrir vinir-Listasafn Íslands. Vefslóð: <http://www listasafn.is/?i=169>. [Sótt 23.febrúar 2009.]
- Norski listavefurinn-Marianne Heske. Vefslóð: http://www.namsgagnastofnun.is/norsk_kunstweb/kunstnere/heske.htm. [Sótt 6.febrúar 2009.]
- Ólafur Kvaran. 2001. „Preface“. *Confronting nature, Icelandic Art of the 20th Century*, bls. 9. Ritstjórar Ólafur Kvaran og Karla Kristjánsdóttir. Ritstjóri texta á ensku Martica Sawin. The National Gallery of Iceland, Oddi ehf.,Reykjavík.
- Rúri. 1992. Regnbogi 1992. *Hugsanir-Ajatuksiatanker-Thoughts*, bls. 19. Printservice OY, Finnland.
- Rúri. 2006. „Ertu að verða náttúrulaus?“. *Vocal II*, bls. 14. Marglistamanna sýning í Laugardalshöll, Reykjavík.
- Rúri. 2008. Endangered Waters. Viðtal Christian Schoen við Rúri. *Rúri- Endangered Waters*, bls. 10. Rúri ehf., Reykjavík.
- Rúri-Forsíða. Vefslóð: <http://ruri.is/>. [Sótt 23.febrúar 2009.]
- Rúri-Gallerí. Vefslóð: <http://ruri.is/gallery.asp>. [Sótt 23.febrúar 2009.]
- Rúri-Glerregn. 2001. *Sýningarskrá 20.01.2001-18.02.2001*. Listasafn Ísland, Reykjavík.
- Rúri og Jón Gunnar Árnason. 1985. „Umhverfislist“. *Líf og land-mótun umhverfis á Íslandi*, 7.erindi bls. 1-7. Ritstjórar Gestur Ólafsson og Hulda Ólafsdóttir. Ljósborg hf., Reykjavík.
- Rúri-Starfsferill*. 2009. Listasafn Íslands, Reykjavík.

Rúv-fréttir. Vefslóð:<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item178345/>. [Sótt 3.mars 2009.]

Sumarsýning-úrval verka í eigu safnsins. 2002. *Sýningarskrá 25.06.2002-01.09.2002*. Listasafn Íslands, Reykjavík.

Wikipedia-Installation art. Vefslóð: http://en.wikipedia.org/wiki/Installation_art. [Sótt 13.mars 2009.]

Wikipedia-Performance art. Vefslóð:http://en.wikipedia.org/wiki/Performance_art. [Sótt 20.mars 2009.]

Þóra Þórisdóttir. 2005. MYNDLIST – Kirkjulistahátíð; Stórbrotinn, innblásinn og sannfærandi. *Morgunblaðið*, 31. ágúst.

Þórunn Helga Benedikz. 2008. „Rúrí“. *Bæ bæ Ísland-uppgjör við gamalt konsept*, bls. 63-64. Listasafnið á Akureyri.